



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Reglur um almenna rekstrarstyrki til frjálsra félagasamtaka sem starfa að umhverfismálum

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir styrki til almennrar starfsemi umhverfissamtaka sem aðild eiga að samstarfsyfirlýsingum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og annarra frjálsra félagasamtaka sem starfa að umhverfismálum. Styrkir eru veittir í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni.

Styrkir til almennrar starfsemi eru einungis veittir þeim frjálsu félagasamtökum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i. Eru opin fyrir almennri aðild.
- ii. Starfa ekki í hagnaðarskyni.
- iii. Hafa að lágmarki 30 félagsmenn og geta lagt fram félagatal því til staðfestingar.
- iv. Hafa opið og endurskoðað reikningshald og taka saman ársskýrslur. Hvoru tveggja fylgi umsóknum til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um styrki til almennrar starfsemi samtakanna.
 - með endurskoðuðu reikningshaldi er átt við endurskoðun félagskjörinna endurskoðenda viðkomandi samtaka. Ekki er gerð krafa um löggulta endurskoðun ársreikninga.
 - í ársskýrslu komi fram meginstarfsemi og helstu verkefni viðkomandi samtaka.
- v. Eigin fjárflovn standi undir að minnsta kosti helmingi kostnaðar vegna almennrar starfsemi samtakanna.

Við mat á upphæð styrkja er tekið mið af eftirfarandi:

- i. Fjöldi félagsmanna í viðkomandi samtökum.
- ii. Hvort viðkomandi samtgök starfi á landsvísu eða einungis að svæðisbundnum verkefnum.
- iii. Hversu vel markmið samatakanna falla að því meginmarkmiði samstarfsyfirlýsingar ráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd, s.s. með því að:
 - a. vera virk í almennri umræðu um umhverfismál, s.s. í fjölmöldum,
 - b. standa fyrir fræðslu eða fræðsluefni um umhverfismál,
 - c. halda úti heimasíðum eða netumræðu um umhverfismál,
 - d. taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál og miðla upplýsingum úr því á heimavettvangi.
- iv. Hversu breitt svið umhverfismála starfsemi viðkomandi samtaka nær yfir.
- v. Annar fjrástuðningur úr ríkissjóði til almennrar starfsemi viðkomandi samtaka.

Umsóknarfrestur til að skila inn umsóknum um styrki til almennrar starfsemi er árlega auglýstur á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. nóvember 2014.